

**Tilgangur** Þetta skjal veitir þér lykluupplýsingar um þessa fjárfestingavöru. Þetta er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru áskildar með lögum til að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, mögulegan hagnað og tap af vörunni og til að hjálpa þér að bera hana saman við aðrar vörur.

#### Vara

**A-flokkur (smásölufjárfestar) (ISIN IE00BYWHBP85) („flokkin“)** er hlutabréfaflokkur í Polen Capital 5Perspectives U.S. Small Fund („sjóðurinn“), undirsjóði Polen Capital Investment Funds plc („félagið“)

Þessi PRIIP er með starfsleyfi á Írlandi og lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands (Central Bank of Ireland).

Stofnandi PRIIP og stjórnunarfyrirtæki er Amundi Ireland Limited („stjórnandinn“) er með starfsleyfi á Írlandi og lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands (Central Bank of Ireland). Polen Capital Management, L.L.C er fjárfestingarstjóri sem skipaður er í sjóðinn.

Fyrir frekari upplýsingar um þessa vöru, vinsamlegast skoðaðu [www.polencapital.com](http://www.polencapital.com) eða hringdu í +1 561 241 2425 fyrir frekari upplýsingar.

**Þetta lykluupplýsingaskjal er dagsett þann: 10. mars 2026**

#### HVERNIG VARA ER ÞETTA?


Flokkurinn er hlutabréfaflokkur sjóðsins sem er undirsjóður fyrirtækisins, opins regnhlífar fjárfestingafyrirtækis með breytilegan höfuðstól og aðskilda ábyrgð á milli sjóða, stofnsett með takmarkaða ábyrgð á Írlandi í samræmi við Companies Act 2014 með skráningarnúmerið 522617 og stofnað sem verðbréfasjóður í samræmi við reglugerðir Evrópusambandsins (fyrirtæki fyrir sameiginlegar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum) númer 2011 (S.I. nr. 352 frá 2011), með áorðnum breytingum („reglugerðir um verðbréfasjóði“)

Með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í útboðslýsingunni geta fjárfestar skipt hlutabréfum sínum í sjóðnum eða flokknum yfir í annan flokk sjóðsins eða í annan sjóð eða flokk. Frekari upplýsingar má finna í kaflanum „Breyting hluta“ í útboðslýsingunni og viðauka sjóðsins. Útboðslýsing fyrirtækisins og reglulegar skýrslur eru settar saman fyrir allt fyrirtækið. Þessi sjóður hefur ekkert fast tímabil.

Markmið sjóðsins er að ávaxta höfuðstól til langtíma. Sjóðurinn mun fjárfesta aðallega í markvissu eignasafni hágæða almennra hlutabréfa lítilla fyrirtækja (með markaðsverðmæti innan sviðs markaðsverðmætis fyrirtækja í Russell 2000 Index vísitölunni og í S&P Small Cap 600 Index vísitölunni á áframhaldandi þriggja ára tímabili á kaupmánu) sem eru skráð eða viðskipti stundum með í viðurkenndum kauphöllum í Bandaríkjunum. Sjóðnum er heimilt endrum og eins að kaupa einnig almenn hlutabréf fyrirtækja með hlutabréf sem eru skráð eða viðskipti stunduð með í viðurkenndum kauphöllum í Bandaríkjunum, með markaðsverðmæti utan skilgreiningar fyrir lítil fyrirtæki, ef fjárfestingastjórinn telur að hlutabréfin séu sérstaklega aðlaðandi fjárfestingatækifæri. Sjóðurinn getur einnig fjárfest í amerískum vörsluskirteinum þar sem fjárfestingarstjóri telur viðeigandi til að ná fjárfestingarmarkmiði sjóðsins. Fjárfestingastjórinn velur þessi hlutabréf á þeim grundvelli að þau starfi með sjálfbærri, undirliggjandi sterkri stöðu á samkeppnismarkaði meðal fyrirtækja í sama iðnaði og atvinnugreinum. Til dæmis mun fjárfestingastjórinn velja verðbréf sem hann telur að gefi stöðugar og sjálfbærar, háar tekjur af höfuðstóli, sterkan tekjuvöxt, öflugna myndun lausafjárstreymis, trausta efnahagsreikninga og hæf stjórnunarteymi sem starfa í þágu hluthafa. Þegar viðeigandi fjárfestingatækifæri er ekki fyrir hendi er sjóðnum einnig heimilt að eiga og viðhalda viðbótarlausafé, þar á meðal reiðufé og jafngildi reiðufjár (til dæmis innstæðubréf) og peningamarkaðsgerninga (til dæmis viðskiptabréf, bankasamþykki og önnur skammtíma skuldabréf). Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% af hreinu eignavirði sínu („NAV“) í samansafni í opnum sameiginlegum fjárfestingasjóðum. Sjóðnum er heimilt að nota takmarkaðan fjölda einfaldra afleiðugerninga í áhættuvarnarskyni (til dæmis gjaldveyrisskiptasamninga og framvirka gjaldmiðlasamninga). Ekki er ætlunin að sjóðurinn verði skuldsettur vegna notkunar hans á afleiðum. Sjóðnum telst vera stýrt með virkum hætti með tilvísun í Russell 2000 Growth Index vísitöluna og S&P Small Cap 600 Index vísitöluna („viðmiðin“) vegna þess að hann notar bæði viðmiðin til að skilgreina eiginleika hlutabréfanna í eigu sjóðsins. Einhver af hlutabréfum sjóðsins geta verið hlutar af og haft svipað vægi gagnvart viðmiðunum. Þó getur sjóðurinn fjárfest eingöngu í hlutabréfum sem eru ekki hluti af viðmiðunum. Sjóðnum er einnig heimilt að nota Russell 2000 Growth Index til að bera saman afkomu en það er ekki notað sem afkomumarkmið. Hlutabréfin sem þú munt eiga í sjóðnum eru að safna hlutum. Það þýðir að tekjurnar af fjárfestingum sjóðsins verða innifaldar í verðmæti hlutabréfanna í stað þess að greiða sem arð til þín. Þér er heimilt að selja hlutabréf í sjóðnum með því að senda umsókn til sjóðstjóra fyrir klukkan 14:00 (að írskum tíma) alla virka daga og/eða aðra daga sem stjórnendur fyrirtækisins ákveða. Vörsluaðili félagsins er The Bank of New York Mellon SA/NV, útibú í Dublin. Frekari upplýsingar um fyrirtækið ásamt útboðslýsingunni, nýjustu árs- og hálfársrýskýrslum má finna á [www.polencapital.com](http://www.polencapital.com) og hægt er að láta senda þær til hluthafa gegn beiðni. Þær eru einnig fáanlegar frá fjárfestingastjóra, sjóðstjóra eða stjórnandanum án endurgjalds. Skjöl fyrirtækisins eru fáanleg á ensku. Finna má aðrar gagnlegar upplýsingar, m.a. hvar hægt er að finna nýjasta verðið á hlutabréfum, á [www.bloomberg.com](http://www.bloomberg.com). Einnig er hægt að fá nýjasta verðið á hlutabréfum frá stjórnandanum og fjárfestingarstjóra á venjulegum opnunartímum.

Ætlaður almennur fjárfestir eru fjárfestar sem leitast eftir langtíma ávöxtun höfuðstóls, vilja fjárfesta til langs tíma, eru tilbúnir til að samþykkja miðlungsmikið flökt og eru tilbúnir til að fjárfesta yfir heilt markaðstímabil.

## HVERJAR ERU HÆTTURNAR OG MÖGULEG ÁVÖXTUN FYRIR MIG?



Áhættuvísirinn leiðbeinir um áhættustig vörunnar í samanburði við aðrar vörur. Hann sýnir hversu líklegt er að varan muni

tapa peningum vegna hreyfinga á markaðnum eða vegna þess að við getum ekki borgað þér.

Við höfum gefið þessari vöru einkunnina 5 af 7, sem er miðlungshár áhættuflokkur. Þetta metur mögulegt tap vegna framtíðarafkomu sem í meðallagi mikið og slæmar aðstæður á markaðnum eru líklegar til að hafa áhrif á getu okkar til að greiða þér.

**Hafðu gjaldmiðlaáhættu í huga. Þú getur fengið borgað í öðrum gjaldmiðli þannig að endanlegur hagnaður þinn mun fara eftir genginu á milli þessara tveggja gjaldmiðla. Þessi áhætta er ekki talin með í vísinum hér fyrir ofan.**

Aðrar áhættur sem hafa efnislega tengingu við vöruna og eru ekki teknar með í reikninginn í áhættuvísinum eru: rekstraráhætta, mótaðilaáhætta og verðbréfaáhætta.

Þessi vara veitir enga vernd gegn afkomu markaðsins í framtíðinni þannig að þú gætir tapað hluta af fjárfestingu þinni eða henni allri.

## Afkomudæmi

Hagnaður þinn af þessari vöru fer eftir afkomu markaðsins í framtíðinni. Markaðspróun er óviss og ekki er hægt að spá nákvæmlega fyrir um hana.

Ráðlagt eignartímabil: 5 ár			
Fjárfestingadæmi: USD 10.000			
Atburðarás		Ef þú hættir eftir 1 ár	Ef þú hættir eftir 5 ár
<b>Lágmarks</b>	Það er enginn tryggð lágmarksávöxtun. Þú getur tapað allri fjárfestingu þinni eða hluta hennar.		
<b>Álag</b>	<b>Mögulegar tekjur til þín eftir kostnað</b>	USD 2.390	USD 1.120
	Meðalávöxtun á ári	-76,06%	-35,48%
<b>Óhagstæð atburðarás</b>	<b>Mögulegar tekjur til þín eftir kostnað</b>	USD 5.290	USD 6.980
	Meðalávöxtun á ári	-47,08%	-6,95%
<b>Miðlungs atburðarás</b>	<b>Mögulegar tekjur til þín eftir kostnað</b>	USD 10.180	USD 10.800
	Meðalávöxtun á ári	1,75%	1,54%
<b>Hagstæð atburðarás</b>	<b>Mögulegar tekjur til þín eftir kostnað</b>	USD 16.700	USD 23.520
	Meðalávöxtun á ári	66,98%	18,65%

Tölurnar sem eru sýndar fela í sér allan kostnað af vörunni sjálfri en fela mögulega ekki í sér allan kostnað sem þú greiðir til ráðgjafa þíns eða umboðssala. Tölurnar taka ekki til greina skattstöðu þína, sem getur líka haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Álagsatburðarásin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við öfgafullar markaðsaðstæður.

**Óhagstæð atburðarás** Þessi tegund atburðarásar átti sér stað fyrir fjárfestingu á milli október 2021 og ágúst 2025.

**Miðlungs atburðarás** Þessi tegund atburðarásar átti sér stað fyrir fjárfestingu á milli janúar 2020 og janúar 2025.

**Hagstæð atburðarás** Þessi tegund atburðarásar átti sér stað fyrir fjárfestingu á milli október 2016 og október 2021.

## HVAÐ GERIST EF AMUNDI IRELAND LIMITED GETUR EKKI GREITT ÚT?

Þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni eða hluta af henni vegna gjaldþrots sjóðsins og/eða fyrirtækisins. Fyrirtækið er ekki tryggt verðbréfasjóður og þar af leiðandi er engin trygging til staðar sem býður upp á tryggða ávöxtun. Engar bætur til fjárfesta eru tiltækar í fyrirtækinu.

## HVER ER KOSTNAÐURINN?

Aðilinn sem ráðleggur þér eða selur þér vöruna kann að rukka þig um annan kostnað. Ef svo er mun sá aðili veita þér upplýsingar um þennan kostnað og áhrif hans á fjárfestingu þína.

## Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna upphæðirnar sem eru dregnar frá fjárfestingu þinni til að greiða fyrir margvíslegan kostnað. Þessar upphæðir fara eftir því hversu mikið þú fjárfestir og hversu lengi þú átt vöruna. Upphæðirnar sem sýndar eru hér eru skýringar byggðar á dæmi um fjárfestingarupphæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Við höfum gefið okkur að

- Á fyrsta árinu fengir þú til baka upphæðina sem þú fjárfestir (0% árhagnaður)
- Fyrir önnur eignartímabil höfum við gert ráð fyrir að varan sýni þá afkomu sem er sýnd í miðlungs atburðarásinni
- 10.000 USD er fjárfest

	Ef þú hættir eftir 1 ár	Ef þú hættir eftir 5 ár
Heildar kostnaður	USD 740	USD 1.716
Áhrif árskostnaðar(*)	7,3%	3,4% hvert ár

(\*) Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr hagnaði þínum árlega á eignartímabilinu. Það sýnir til dæmis að ef þú hættir eftir ráðlagða eignartímabilið er áætlaður meðalhagnaður á ári 5% fyrir kostnað og 1% eftir kostnað.

Við kunnum að deila hluta kostnaðarinnar með aðilanum sem selur þér vöruna til að greiða fyrir þjónustuna sem hann veitir þér.

#### Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við upphaf eða lok þátttöku		Ef þú hættir eftir 1 ár
<b>Inngöngukostnaður</b>	5,00% af upphæðinni sem þú greiðir þegar þú byrjar þátttöku í fjárfestingunni.	Allt að USD 500
<b>Útgöngukostnaður</b>	Við rúkkum ekki útgöngugjald fyrir þessa vöru	USD 0
<b>Áframhaldandi kostnaður á ári</b>		
<b>Umsýslubókun og annar stjórnunar- eða rekstrarkostnaður</b>	2,00% af verðmæti fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði síðasta árs.	USD 205
<b>Færslukostnaður</b>	0,35% af verðmæti fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlaður kostnaður sem kemur til við kaup og sölu á undirliggjandi fjárfestingum fyrir vöruna. Raunveruleg upphæð fer eftir því hversu mikið við kaupum og seljum	USD 35
<b>Tilfallandi kostnaður við sérstakar aðstæður</b>		
<b>Afkomugjöld</b>	Það eru engin afkomugjöld fyrir þessa vöru.	USD 0

#### HVERSU LENGI ÆTTI ÉG AÐ HALDA HENNI OG GET ÉG TEKID PENINGA ÚT SNEMMA?

5 ára ráðlagða eignartímabilið byggir á lausafjárstöðu sjóðsins og áhættuprófíl eignanna í sjóðnum.

Til að innleysa peninga úr sjóðnum getur þú sent inn útfyllta innlausnarbeiðni með eyðublaðinu sem hægt er að fá frá stjórnandanum, í samræmi við ákvæðin í viðauka fyrir sjóðinn, sem er lýst í kaflanum „Innlausn hlutabréfa“ fyrir 14:00 (að írskum tíma) alla virka daga (samkvæmt skilgreiningu útboðslýsingarinnar) og/eða aðra daga sem stjórnendur fyrirtækisins ákveða.

Til að koma í veg fyrir óhóflegar og truflandi viðskiptaaðferðir er stjórnendunum heimilt að leggja á innlausnargjald fyrir sjóðinn sem er ekki hærra en 3% af hreinu eignavirði hlutabréfanna sem á að innleysa. Sjá „Hver er kostnaðurinn“ hér fyrir ofan.

#### HVERNIG GET ÉG LAGT FRAM KVÖRTUN?

Ef þú vilt leggja fram kvörtun vegna flokksins, sjóðsins, fyrirtækisins eða hegðunar fjárfestingastjórans eða einstaklingsins sem ráðleggur þér um eða selur þér vöruna geturðu sent tölvupóst til [AILComplaints@amundi.com](mailto:AILComplaints@amundi.com). Einnig er hægt að senda bréf til stjórnandans á eftirfarandi heimilisfang: Amundi Ireland Limited; 1 Georges's Quay Plaza, George's Quay, Dublin, D02 V002, Írland, eða fara á [www.amundi.ie](http://www.amundi.ie).

#### AÐRAR VIÐEIGANDI UPPLÝSINGAR

Stjórnandinn skal útvega hluthöfum útboðslýsinguna og nýjustu ársskýrslur og hálfárskýrslur eftir beiðni og án endurgjalds, samkvæmt reglugerðum um verðbréfasjóði. Finna má aðrar hagnýtar upplýsingar, meðal annars hvar má finna nýjasta verð hlutabréfa, á [www.bloomberg.com](http://www.bloomberg.com) og á [www.polencapital.com](http://www.polencapital.com).

Fyrri ávöxtun nokkurra síðustu ára er tiltæk hér: [https://docs.publifund.com/pastperf/IE00BYWHBP85/en\\_IE](https://docs.publifund.com/pastperf/IE00BYWHBP85/en_IE)

Hægt er að sjá fyrri afkomudæmi hér: [https://docs.publifund.com/monthlyperf/IE00BYWHBP85/en\\_IE](https://docs.publifund.com/monthlyperf/IE00BYWHBP85/en_IE)